

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/928**  
**komudagur 30.1.2014**

Selfossi 30.01.2014

**Umsagnaraðiliar:**

**Landssamtök skógareigenda (LSE) og landshlutafélög skógarbænda**

**Umsögn um**

**Þingskjal 273 — 211. mál.**

**Tillaga til þingsályktunar**

**um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga  
á sviði skógræktar og landgræðslu.**

Umsagnaraðilar fagna framkominni þingsályktunartillögu og vænta þess að hún verði til að efla skógrækt sem atvinnuveg til framtíðar.

**Athugasemdir og hugleiðingar:**

**Liður a. Leggjum til að kolefnisbindingu verði bætt við í þessum lið á eftir „framleiðslu skógarafurða.** Kolefnisbinding í skógrækt og jarðvegi skóga er mikilvægur þáttur er varðar CO<sub>2</sub> bindingu og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands við að draga úr loftslagsáhrifum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Nokkur óvissa er um mat á útstreymi og bindingu í skógrækt og landgræðslu. Vegna þess hafa töluverðar breytingar orðið á matinu undanfarin ár og væntanlega verður svo áfram. Til að minnka þess óvissu þarf að halda áfram og efla rannsóknir á sviði kolefnisbindingar. Þrýsta á um að 36 grein laga nr.70-2012 verði rýmkuð svo hægt verði að skrá kolefnisbindingu á fleiri aðila en íslenska ríkið.

**Liður b.** Leggjum til að liðurinn hljóði þannig: **færa Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins í eina stjórnsýslueiningu.** Teljum aftur á móti að skipulagning og framkvæmd atvinnuskógræktar sé best komið í sér stofnun þ.e. landshlutaverkefnum. Þau hafa sannað ágæti sitt sem sjálfstæð verkefni og því engin rök fyrir því að raska því sem vel er gert. Tilvist þeirra sem sjálfstæð verkefni hefur verið drifkrafturinn í skógrækt á landinu undanfarin ár þannig að núna má tala um skógrækt sem atvinnuveg. Leggjum til að öll 5 landshlutaverkefni verði sameinuð undir eina yfirstjórn. Stjórnin verði skipuð 5 mönnum, þar af 2 frá LSE og 3 frá ríki og nýrri stofnun skógræktar og landgræðslu. Leggjum samt áherslu á mikilvægi öflugra starfstöðva um landið til að veita skógarbændum/skógræktendum sem besta þjónustu og auka skilvirkni í greininni. Tökum að öðru leiti heilshugar undir það sem segir í greinargerðinni um landshlutaverkefni og teljum að þau þurfi að efla enda er þar mikil reynsla og þekking á skógrækt bæði meðal starfsmanna og ekki síður meðal þátttakenda í verkefnum.

Liður d. **Leggjum til að rammaáætlun verði til 5 ára hið minnsta.** Skógrækt er langtímaverkefni sem spannar áratugi. Til að skapa samfellu í verðmætasköpun skógræktarinnar þarf áætlun til langs tíma. Aðeins þannig getum við skapað skógarauðlind sem tryggt er að skili hagkvæmri og skilvirkri nýtingu í framtíðinni. Mikilvægt er að skógræktin sem atvinnuvegur geti búið við frekar stöðugt rekstrarumhverfi svo tryggja megi nægt og stöðugt framboð af góðum skógarplöntum og fagþekking svo og almenn þekking á skógrækt eflist. Aðeins þannig getur skógræktin sem atvinnuvegur orðið markviss og staðið undir þeim væntingum sem til hennar eru gerðar.

## **Greinargerð**

### **Umsögn**

Umsagnaraðilar vilja leggja áherslu á mikilvægi skógræktar sem víðast um land. Ekki er víst að fyrstu kynslóðar skógur á skóglausu landi skili verðmætum timburafurðum en hann skapar skjól fyrir næstu kynslóð skóga sem koma til með að skila mun betri viðargæðum og þar af leiðandi mun verðmætari afurðum. Einnig er skógrækt ekki síður mikilvæg með öðrum búgreinum til að auka gæði landsins sem skjólgjafi og þeirri vistkerfisþjónustu sem hann veitir. Til að auka enn frekar arðsemi skógræktar og skapa nýja fjárfestingarleið mætti opna á viðskipti með kolefnisbindingu í skógrækt. Til að svo megi verða þarf að skapa þeim viðskiptum starfsumhverfi með lagasetningu.

Til að auka arðsemi í skógrækt og skila viðarafurðum fyrr þarf að skapa sátt um þá landnýtingu að skógrækt sé ekki einungis á rýrustu svæðunum sem henti ekki til tún eða akuryrkju. Líta þarf á skógrækt sem landbúnað og að land sem skilgreint er sem landbúnaðarland geti eftir atvikum verið lagt undir tún, akra eða skógrækt. Með tilkomu landshlutaverkefnana hefur fengist víðtæk reynsla af skógrækt um land allt, sem ekki var til staðar áður. Komið hefur í ljós að um land allt er hægt að stunda arðbæra skógrækt. Fyrst og fremst er það háð staðháttum á hverjum stað og landgæðum en síður staðsetningu eftir landshlutum.

Þó að í þessari þingsályktunartillögu sé sá hluti skógræktar er lýtur að gróðursetningum megin viðfangsefnið er ekki hægt að slíta það úr samhengi við úrvinnsluhlutann. Mikið af timbri „bíður“ í skógum landsins þar sem mikilvægt er að grisja og fella. Grisjun núverandi skóga er mikilvægur þáttur í skógarumhirðunni og hluti af því að hámarka afrakstur og verðmæti skógarins. LSE hefur samþ. að setja af stað vinnu við að aðstoða aðildarfélög sín við stofnun á félögum til að nýta og koma á markað skógarafurðum, ef til þess fáið fjármagn. Mjög mikilvægt er að tryggja LSE fjármagn til að leiða þessa vinnu, í samstarfi við félög skógarbænda og landshlutaverkefnin. Afurðarmál skógræktenda þurfa að vera í lagi svo skógræktendur sjá í upphafi hver fjárhagslegur ávinningur atvinnuskógræktar sem atvinnuvegar sé.

#### **Fyrir hönd**

#### **Landssamtök skógareigenda og skógarbændafélögin**

**Hrönn Guðmundsdóttir**

**Framkvæmdastjóri LSE / sími 480-1826 og gsm 899-9662**